

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1994

12. apríl 1994

557

Nr. 185

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 72, 17. febrúar 1994,
um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1994.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru hrognkelsaveiðar, innfjarðarækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.